

Samningur um Evrópska
efnahagssvæðið

Sameiginlega EES-nefndin

ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR

nr. 70/98
frá 31. júlí 1998

um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun)
við EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með hliðsjón af samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, eins og hann var aðlagður með
bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist hér á eftir
samningurinn, einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

II. viðauka við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar
nr. 55/98 frá 4. júlí 1998⁽¹⁾.

Tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 97/29/EB frá 11. júní 1997 um aðlögun að
tækniframförum á tilskipun ráðsins 76/757/EBE varðandi endurskin frá glitmerkjum á
 vélknúnum ökutækjum og eftirvögnum þeirra⁽²⁾ skal felld inn í samninginn.

ÁKVEDIÐ EFTIRFARANDI:

1. gr.

Eftirfarandi undirliður bætist við í 22. lið (tilskipun ráðsins 76/757/EBE) í I. kafla II. viðauka
við samninginn:

„- **397 L 0029:** Tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 97/29/EB frá 11. júní 1997 (Stjtið.
EB L 171, 30.6.1997, bls. 11).”.

⁽¹⁾ Stjtið. EB L!!!!, bls. !!!! og EES-viðbætur við Stjtið. EB nr. , 1999, bls.

⁽²⁾ Stjtið. EB L 171, 30.6.1997, bls. 11.

2. gr.

Fullgiltur texti tilskipunar framkvæmdastjórnarinnar 97/29/EB á íslensku og norsku fylgir sem viðauki við útgáfu þessarar ákvörðunar á hvoru máli fyrir sig.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi hinn 28. ágúst 1998, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi verið sendar sameiginlegu EES-nefndinni.

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild og EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópubandalagsins.

Gjört í Brussel 31. júlí 1998.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar
Formaður

N. v. Liechtenstein

Ritarar
sameiginlegu EES-nefndarinnar

G. Vík

E. Gerner